



Fréttatilkynning
22 July 2024 09:00:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 14. júní 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum.

Í viku 29 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 577.959 eigin hluti að kaupverði alls kr. 58.106.168 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
15.07.2024	10:03:11	70.000	99,60	6.972.000	81.613.773
16.07.2024	13:41:54	200.000	99,00	19.800.000	81.813.773
17.07.2024	14:09:56	155.300	101,50	15.762.950	81.969.073
18.07.2024	14:52:11	2.659	102,00	271.218	81.971.732
19.07.2024	15:26:11	150.000	102,00	15.300.000	82.121.732
	Samtals vikan	577.959		58.106.168	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 29 átti bankinn 81.543.773 hluti, sem nemur 4,08% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 4.831.595 hluti, sem nemur 0,24% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 473.044.716 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 11 milljón hluti sem jafngildir 0,55% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 18. júní síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 30. september 2024.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 82.121.732 eigin hluti eða sem nemur 4,11% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupaáætlunina sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.



Fréttatilkynning
22 July 2024 09:00:00 GMT

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)